

## Sveitarstjórnarfundur 29.janúar 2020

Miðvikudaginn 29. janúar 2020 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 18. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Arnlín Óladóttir, Eva K. Reynisdóttir, Halldór logi Friðgeirsson og Margrét Bjarnadóttir. Oddviti setti fund kl. 16 Oddviti leitar afbrigða, að taka á dagskrá tvö erindi frá Umhverfishópi og erindi frá Leigufélaginu Bríet. Afbrigði samþykkt.

Arnlín Óladóttir ritar fundargerð á tölvu

### Dagskrá

1. Fundargerð sveitarstjórnarfundar 18.12.2019
  2. Fundargerðir nefnda
  3. Aðrar fundargerðir
  4. Kosning varaoddvita
  5. Byggðakvóti -reglur
  6. Bréf frá Umhverfisstofnun
  7. Skrifstofustjóri
  8. Bréf frá Bjarna Þórisssyni
  9. Bréf frá Elíasi Ingimarssyni
  10. Almanatengsl
  11. Svar OV v ljósastaura
  12. Bréf frá Sambandi Ísl sveitarfélaga
  13. Stefna Sambands Ísl. sveitarfélaga um samfélagslega ábyrgð
  14. Erindi frá Umhverfishópi
- 
1. Fundargerð sveitarstjórnarfundar 18.12.2019  
Oddviti fór yfir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.
  2. Fundargerðir nefnda  
Engar fundargerðir liggja fyrir fundi
  3. Aðrar fundargerðir
    - a. Fundargerð 877.fundar stjórnar Sambands Ísl sveitarfélaga lögð fram til kynningar.
  4. Kosning varaoddvita  
Varaoddviti var kosinn Margrét Bjarnadóttir
  5. Byggðakvóti -reglur  
Úthlutaður Byggðakvóti Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis til Drangness er 76 þorskígildislestir. Sveitarstjórn samþykkir byggðakvótaúthlutunina og óskar eftir því að sömu reglur gildi fyrir fiskveiðiárið 2019/2020 og gildu árið 2018/2019.
  6. Bréf frá Umhverfisstofnun  
Bréf Umhverfisstofnunar dags 10.1.2020 um endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í sveitarfélaginu. Farið er fram á að sveitarfélagið skili skýrslu um úrgang til Umhverfisstofnunar. Samþykkt að vísa málinu til Sorpsamlags Strandasýslu sem sendir reglulega gögn til Umhverfisstofnunar.
  7. Skrifstofustjóri  
Ákveðið var að auglýsa starfið í blaði sem kemur út á landsvísu. Auglýsing um starfið á að birtast í Fréttablaðinu 1.febr og umsóknarfrestur er til 8. febr
  8. Bréf frá Bjarna Þórisssyni

Bréf B.Þ vegna niðurgreiðslu rafmagnskostnaðar og varmadælu. Skorað er á sveitarstjórn að flýta eftir fremsta megni framkvæmdum við fyrirhugaða borholu við Mýrar. Almennar umræður urðu um kosti sem eru í boði til að auka hita- og vatnsmagn hjá hitaveitunni og haft samband við Hauk Jóhannesson, jarðfræðing í síma til skrafs og ráðagerða. Óskað var eftir nýjum kostnaðartölum í borun um 300-600 m djúpa holu sem ætti samkvæmt Hauki að gefa vel heitt vatn. Einnig rætt um kostnað við lagnir í þeim tilgangi að leggja hitaveitu í húsin á Bæ og í Bakkagerði.

9. Bréf frá Elíasi Ingimarssyni. Elías fékk úthlutað lóð við Vitaveg 4 og óskar nú eftir að skila henni vegna breyttra aðstæðna. Sveitarstjórn samþykkir að verða við því. Annað erindi Elíasar verður tekið til skoðunar af sveitarstjórn.

10. Almannaatengsl

Vestfjarðastofa leggur fram óformlega tillögu til sveitarstjórna um að unnið verði áfram að með almannaatengsla skrifstofunni Athygli að mótun skamm- og langtíma skilaboðum til að varpa jákvæðu ljósi á Vestfirði. Lagt fram til kynningar.

11. Svar OV v ljósastaura

Svar Orkubús Vestfjarða varðandi kostnaðar vegna breytinga á fjórum ljósastaurum á Drangnesi. Svar hefur borist og í ljósi þess verður hætt við að breyta staurum við Drang, en oddvita falið að óska eftir tilboði í einn staur við Malarhorn.

12. Bréf frá Sambandi ísl sveitarfélaga

Bréf Samband ísl sveitarfélaga dags. 17.1.2020 um viðmiðunarreglur um framlög til stjórnsmálaflokka. Lagt fram til kynningar.

13. Stefna Sambands ísl. sveitarfélaga um samfélagslega ábyrgð.

Lagt fram til kynningar.

14. Erindi frá Umhverfishópi.

a. Moltugerð í Kaldrananeshreppi. Sveitarstjórnin tekur vel í erindið og oddviti athugar hugsanlegt samstarf við Sorpsamlagið.

b. Umbúðalaus eða umbúðaminni verslun. Lagt fram til kynningar.

15. Bréf frá Leigufélaginu Bríet þar sem óskað er eftir að gert verði samkomulag um leiguvernd. Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps lýsir sig tilbúna til þess, en gerir athugasemd við drög að samkomulaginu og óskar að tryggt verði að leiguverð haldist í hendur við almennt leiguverð á svæðinu. Oddvita falið að hafa samband við tengiliði hjá Bríet til að koma þessu á framfæri, ásamt öðrum smávægilegum breytingum.

Fleira ekki fyrir tekið  
Fundargerð lesin upp og samþykkt  
Fundi slitið. 19:20